

4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2016 - 2017 haldinn fimmtudaginn 30. mars 2017 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Frosti Jónsson, Þorgerður Anna Arnardóttir og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara og Selma Rós Axelsdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólanefndar kemur fram í 5. grein í lögum um frh.sk. Meðal hlutverka hennar er að vera til samráðs, staðfesta skólanámsskrá, koma með umsögn um fjárhagsáætlun, vera til samráðs um starfsmannamál. Síðustu ár hefur verið unnið að styttingu náms til stúdentsprófs og einnig hefur verið umræða um þriggja anna kerfi. Árið 2008 var skrifað undir samning um viðbyggingu við skólann og þarf að koma því máli á borðið aftur. Skólanefndin hefur líka rætt fjarnámið töluvert. Öflug tenging skólans inn í foreldrastarfið, hér er aðhald í mætingu og hafa verið gerðir samningar við nemendur um mætingu.
2. Kynning á skólanum – skólameistari fór yfir eftirfarandi gögn sem send voru út með fundarboði:
 - Ársskýrsla FG- rekstraráætlun kom vel út og skólinn var réttu megin við núllið um áramótin.
 - FG fréttir – fréttabréf með því helsta sem er í gangi í skólanum hverju sinni, sent út einu sinni til tvisvar á önn.
 - Breytingar á starfsmannalista - frekar miklar breytingar á starfsmannalista kennara framundan.
 - Fjárveitingabréf – þar kemur fram að fjárhagáætlun skólans til næstu 3 ára er samþykkt.
 - Dagatal næsta skólaárs – búið að samþykkja það á kennarafundi með fyrirvara um breytingar.
 - Brautir í boði – allar stúdentsbrautir samþykktar hjá ráðuneytinu, 202 f-einingar. 3 anna kerfi fýsilegt til að jafna annirnar og fækka áföngum á hverri önn. Kostir og gallar þriggja anna kerfis verða ræddir í vor með starfsmönnum.
3. Kosning formanns skólanefndar
Áslaug Hulda Jónsdóttir er formaður og Steinþór Einarsson varaformaður

4. Önnur mál

Umræða skapaðist umhvort gera ætti greinarmun á fyrsta og öðru vali nýnema sem sækja um í FG. Garðbæingar hafa haft ákveðinn forgang inn á bóknámsbrautirnar. FG mun ekki skoða niðurstöðu samræmnds prófs úr grunnskóla nema óskað verði sérstaklega eftir því.

Næsti fundur skólanefndar ákveðinn þriðjudag 25. apríl kl.12.

Fundi slitið kl.13: 00.

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.